



2. Fundur Notendaráðs fatlaðs fólks í Norðurþingi.

23. febrúar 2023

Fundur hófst kl. 14

Fundi lauk kl. 16

Fundargerð er rituð í tölvu bls. 2

Notendaráð skipa: Hermína Hreiðarsdóttir, Jóna Rún Skarphéðinsdóttir, Júlía Margrét Birgisdóttir, Einar Víðir Einarsson, Karólína Kristín Gunnlaugsdóttir og Rebekka Ásgeirsdóttir.
Helga Björg Pálmadóttir ráðgjafi hjá félagsþjónustu, er starfsmaður Notendaráðs.
Helga Björg Pálmadóttir ritar fundargerð.

1. Bréf frá bocciáðkanda varðandi mismunun þegar fundað var vegna starfs bocciadeildar.

Notendaráð ræddi innihald bréfsins og leitaði svara hjá stjórn bocciadeildar. Starfsmanni ráðsins var falið að senda svarbréf.

2. Umsókn vegna aðgengismála hjá stofnunum Norðurþings.

Umræðu frestað. Verður tekið fyrir á næsta fundi Notendaráðs með aðkomu verkefnastjóra á framkvæmdasviði.

3. Fjölskylduklefi í Sundlaug Húsvíkur.

Kjartan Páll, íþrótt- og tómstundafulltrúi, kynnti fyrir ráðinu hugmyndir að skipulagi á fjölskylduklefa í Sundlaug Húsvíkur. Klefinn er til þess gerður að einstaklingar sem þurfa sérstakan stuðning geti notað hann. Rætt um að fá álit foreldra fatlaðra barna sem og fatlaðra einstaklinga sem munu mögulega nýta aðstöðuna. Notendaráð þakkar Kjartani Páli fyrir kynninguna og fagnar þessum áformum.

4. Matur í Miðjunni.

Rætt um gjaldskrá og gerð athugasemd við að sundurliðun sé ekki meiri.

5. Húsnæði fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Notendaráð sér fram á mikla aukningu á þörf fyrir húsnæði fyrir fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Ráðið telur það mikilvægt að Norðurþing mótl skýra framtíðarsýn og tímasetta áætlun á uppbyggingu húsnæðis.

6. Önnur mál.

- Húsnæði Miðjunnar rætt og telur ráðið að mikilvægt sé að koma starfi Miðjunnar í hentugra húsnæði.
- Ráðið stefnir á fræðsluferð í vor.

*Hermína Hreiðarsdóttir, Helga Björg Pálmadóttir,
Rebekka Ásgeirsdóttir, Karólína Kr. Gunnlaugsd., Júlía Birgisdóttir,
Jóna Rún Skarphéðinsdóttir, Einar Víðir Einarsson*